

Þriðjudaginn 19. júní 1956.

Nr. 94/1954. Póst- og símamálastjórnin

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Hlöðve Johnsen, Trausta Jónssyni, Gísla Magnússyni, Sigurði Gunnsteinssyni, Guðlaugi Gíslasyni, Hrólfi Ingólfssyni, Ólafi Á. Kristjánssyni, Jóhannesi Brynjólfssyni, Sigurði Jónssyni og Jóni Í. Sigurðssyni
(enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Um eðli og gildi ábyrgðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1954. Krefst hann þess, að stefndu verði hverjum um sig dæmt að greiða honum kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndu höfðu áfrýjað málinu með stefnu 24. maí 1954 og látið sækja dómþing, er málið var þingfest í Hæstarétti 29. október 1954, svo og síðar, er frestir voru veittir. En er málið var tekið fyrir í Hæstarétti 30. apríl s.l., sótti enginn þing af hálfu stefndu. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt upphafi ábyrgðarskjals þess, sem í héraðsdómi greinir, taka stefndu, 10 að tölu, skýrum orðum að sér ábyrgð á kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum 00/100 — af pósthé því, sem Magnúsi Thorberg póstafgreiðslumanni yrði trúað fyrir. Ábyrgjast þeir því alls þá fjárhæð. Síðari hluta skjalsins þykir hins vegar verða að skýra svo, að ábyrgð

hvers einstaks sé pro rata þannig, að hver þeirra ábyrgist þá fjárhæð, sem tilgreind er í niðurlagi þess, kr. 2500.00. Er þetta eðlilegust skýring á ábyrgðarskjalinu, þar sem niðurlag þess verður að öðrum kosti ekki samræmt því, sem segir í upphafi skjalsins.

Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að stefndu greiði hver um sig áfrýjanda kr. 2500.00 auk 6% ársvaxta frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð :

Stefndu, Hlöðver Johnsen, Trausti Jónsson, Gísli Magnússon, Sigurður Gunnsteinsson, Guðlaugur Gíslason, Hrólfur Ingólfsson, Ólafur Á. Kristjánsson, Jóhannes Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, greiði hver um sig áfrýjanda, Póst- og símamálastjórninni, kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 18. marz 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 11. þ. m., er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan fyrir sáttanefnd, höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Guðmundi Hlíðdal póst- og símamálastjóra með stefnu, út gefinni 24. júní 1952, birtri sama dag, á hendur Hlöðve Johnsen kaupmanni, Saltabergi, Trausta Jónssyni kaupmanni, Hásteinsvegi 9, Gísli Magnússyni útgerðarmanni, Sólhlíð 3, Sigurði Gunnsteinssyni umboðsmanni, Reyni, Guðlaugi Gíslasyni kaupmanni, Skólaveg 21, Hrólfi Ingólfssyni bæjargjaldkera, Landagötu 21, Ólafi Á. Kristjánssyni bæjarstjóra, Ljósalandi, Jóhannesi Brynjólfssyni forstjóra, Kirkjulandi, Sigurði Jónssyni hafnargjaldkera, áður til heimilis Brimhólabraut 24, nú til heimilis Vallargötu 16, og Jóni Í. Sigurðssyni tollverði, Vestmannabraut 44, öllum til heimilis í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á ódagsettri ábyrgðaryfirlýsingu.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en til vara, að stefndu verði dæmdir til að greiða hina umstefndu fjárhæð, kr. 25.000.00, að hluta (pro rata) og vexti og málskostnað, eins og greinir í aðalkröfu, og til þrautavara, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða kr. 2500.00 með vöxtum og málskostnaði, eins og greinir í aðalkröfu.

Stefndu hafa mætt í málinu og gert þær réttarkröfur aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 2500.00, og til þrautavara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 25.000.00 pro rata. Svo krefjast þeir þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 1. ágúst 1946 tók Magnús Thorberg við forstöðu póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum. Var hann í fyrstunni sendur þangað af Póst- og símamálastjórninni vegna veikinda póstafgreiðslumanns. Veturinn eftir lézt póstafgreiðslumaðurinn, og hélt Magnús áfram starfinu, án þess að hann fengi formlega skipun. Gekk svo fram um nokkur ár.

Fljótt virðist hafa borið á því, eftir að Magnús Thorberg tók við, að rekstri póstafgreiðslunnar var áfátt. Öreiða var í bókhaldi og varðveizla póstfjár á annan veg en vera átti. M. a. viðurkenndi Magnús Thorberg við sakamálsrannsókk, er síðar fór fram, að á árinu 1949 hafi sér orðið kunnugt um, að hann væri kominn í 60 þúsund króna sjóðþurrð vegna innheimts póstfjár, og er endurskoðendur póstmálastjórnarinnar komu til Eyja til sjóðtalinngar og eftirlits, hafi hann fengið fé þetta að láni hjá kunningjum sínum og lagt í sjóð póstafgreiðslunnar. Er endurskoðendurnir voru farnir, kveðst hann hafa tekið féð aftur úr sjóðnum og afhent það til viðkomenda.

Við endurskoðun, sem Póst- og símamálastjórnin lét fara fram 15. nóvember 1950, kom í ljós sjóðþurrð, að fjárhæð kr. 46.701.55. Sjóðþurrð þessa greiddi Magnús Thorberg til póstsjóðs hinn 23. þ. m. Upplýsingar hans um féð, er hann notaði í þessu skyni, hafa verið á reiki. Fyrir sakadómi viðurkenndi hann að hafa varið fé póstsjóðs til þess að greiða sjóðþurrðina. Við vitnaleiðslu í Reykjavík, sem fram fór í sambandi við mál þetta, kvaðst hann hafa aflað sér fjár til þess að greiða sjóðþurrðina með því að

selja innbú og með 25 þúsund króna víxillántöku. Er uppvíst varð um sjóðþurrðina, mun hafa komið til orða að láta hann hætta starfinu. Póst- og símamálastjóri var erlendis um þetta leyti, og kom því í hlut Egils Sandholts póstritara að fjalla um mál Magnúsar. Er sjóðþurrðin hafði verið greidd, að því er virðist að formi til, átti hann viðtal við Magnús, og spurðist þá Magnús fyrir um, hvort hann fengi að halda póstafgreiðslustarfinu áfram. Kvaðst Egill hafa svarað, að hann gæti ekki sagt um það að svo stöddu, en gat þess jafnframt, að það mundi verða nokkur styrkur fyrir hann, ef hann gæti lagt fram einhverja tryggingu fyrir því fé, er honum væri trúað fyrir, t. d. ábyrgð nokkurra þekktra manna. Magnús sagði, að sér myndi það auðvelt, og lofði að senda trygginguna bráðlega. Að sögn Magnúsar var rætt um, að tryggingin skyldi nema kr. 50.000.00.

Magnús virðist ekki hafa strax hafizt handa um útvegum ábyrgðarmanna, og liggja ekki fyrir upplýsingar um, hvað því kann að hafa valdið. En ári síðar, haustið 1951, samdi Magnús tvær ábyrgðaryfirlýsingar og fékk 20 menn í Eyjum til þess að skrifa undir, 10 menn undir hvora. Undirskriftirnar virðast hafa farið fram í október og nóvember 1951. Flestir skrifuðu undir á pósthúsinu og hver í sínu lagi, og voru ekki aðrir viðstaddir en Magnús Thorberg einn. Ábyrgðaryfirlýsingarnar voru orði til orðs samhljóða og hljóðuðu þannig:

„Við undirritaðir 10 menn tókum að okkur sem sjálfskuldar-ábyrgðarmenn ábyrgð á þeim kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum og 00/100 —, sem póstafgreiðslumanni Magnúsi Thorberg hefur verið gert að skyldu að setja sem tryggingu fyrir pósthfé því, sem honum verður trúað fyrir, þannig að við skuldbindum okkur til, einn fyrir alla og allir fyrir einn, að greiða póstsjóði skaðlaust allt að nefndri upphæð kr. 2500.00 tvö þúsund og fimm hundruð krónur 00/100, ef téður póstafgreiðslumaður eigi stendur í skilum“.

Allir hinir stefndu rituðu undir aðra ábyrgðaryfirlýsinguna. Síðan rituðu tveir vitundarvottar nöfn sín á skjalið, án þess þó að vera viðstaddir, er stefndu rituðu nöfn sín.

Magnús Thorberg sendi ábyrgðaryfirlýsingarnar til póstmálastjórnarinnar, er undirskriftir höfðu farið fram. Veitti Egill Sandholt póstritari þeim viðtöku og kveðst hafa skilið þær þannig, að þeir, sem undir þær rituðu, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 25.000.00. Ekki kveðst hann hafa tekið eftir því, að ábyrgðaryfirlýsingarnar væru sjálfum sér ósamhljóða. Á þessum tíma kvað hann póststjórnina hafa verið grunlausa um, að Magnús væri

þegar kominn í sjóðþurrð. En í ársbyrjun 1952 fór Magnús að senda póststjórninni upp í pósttekjur ávísanir frá einstaklingum og fyrirtækjum, sem ekki fengust greiddar, og einnig fór að bera á seinlæti í innheimtu og skilum á póstkröfusendingum. Varð þetta til þess, að póststjórnin sendi Odd Björnsson til Vestmannaeyja 31. marz 1952 til þess að athuga rekstur póstafgreiðslunnar. Komst hann brátt að raun um, að um stórfellda sjóðþurrð var þar að ræða. Var Magnúsi þá vikið úr starfinu fyrst um stundarsakir, en síðan endanlega hinn 29. apríl 1952. Var þá þegar komið í ljós, að sjóðþurrð hans nam rúmlega 360 þúsundum króna. Sakamálsrannsókn var síðan látin fara fram, og urðu niðurstöður hennar á sömu lund. Bú Magnúsar var tekið til gjaldprotameðferðar haustið 1952, og er skiptum ekki lokið.

Er upplýst varð um sjóðþurrðina, reyndi Magnús Thorberg að útvega fé til þess að greiða hana upp. Að sögn Magnúsar, sem ekki hefur verið véfengd sérstaklega af hinum stefndu, buðust þá allir þeir, sem rituðu undir ábyrgðaryfirlýsingarnar, til þess að leggja fram kr. 2500.00 hver eða samtals kr. 50.000.00 gegn því, að tryggt yrði, að Magnús slyppi við refsingu. Slík trygging fékkst ekki, enda hrökk þessi fjárhæð skammt upp í sjóðþurrðina, og Magnúsi tókst ekki að afla þess fjár, sem á vantaði. Neituðu hinir stefndu þá að greiða. Varð það til þess, að mál þetta var höfðað. Kröfur stefnanda eru byggðar á framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu, bæði aðalkrafa, varakrafa og þrautavarakrafa, og miðaðar við það, hvaða skilning er tiltækilegt að leggja í ábyrgðaryfirlýsingu.

Sýknukrafa hinna stefndu er byggð á því, að þeir hafi verið blektir af Magnúsi Thorberg til þess að undirrita ábyrgðaryfirlýsinguna. Átta hinna stefndu gáfu aðiljaskýrslu fyrir réttinum, og báru það allir, að þeir hafi haldið, að allt væri með felldu um fjárreiður Magnúsar á þeim tíma, er undirskriftirnar fóru fram, enda hafi ekki verið unnt að skilja tal Magnúsar á annan veg. Hins vegar sé nú komið á daginn, að Magnús hafi þá verið kominn í stórfellda sjóðþurrð. Telja hinir stefndu, að bæði Magnúsi og stefnanda muni hafa verið kunnugt um sjóðþurrðina eða að minnsta kosti mátt vera kunnugt um hana, og sé því ábyrgðarskuldbindingin ógild með öllu. Svo hafa þeir og talið, að ábyrgðaryfirlýsingin væri aðeins málamyndagerningur, og skýrðu svo frá, að Magnús hafi tekið það skýrt fram, er þeir rituðu nöfn sín, að ábyrgðin væri aðeins pro forma og til útborgunar kæmi ekki. Að lokum hafa stefndu talið, að ábyrgðarskuldbindingin væri ekki

gjaldkræf, þar sem stefnandi hefði ekki reynt að fá skuldina greidda hjá Magnúsi sjálfum.

Magnús Thorberg hefur við vitnayfirheyrslu í málinu haldið því fram, að hann hafi ekki skuldað póstsjóði neitt, er ábyrgðaryfirlýsingin var gefin út, en ekki er unnt að leggja mikið upp úr slíkri staðhæfingu. Ljóst virðist af gögnum málsins, að Magnús var kominn í stórfellda sjóðþurrð, er ábyrgðaryfirlýsingin var undirrituð, og einnig virðist ljóst, að honum hefur hlotið eða að minnsta kosti mátt vera um það kunnugt. Aftur á móti er ósann- að gegn mótmælum stefnanda, að póstmálastjórninni hafi verið kunnugt um sjóðþurrð Magnúsar á þeim tíma, er hún fékk ábyrgðaryfirlýsinguna í hendur. Varnarástæður, byggðar á svikum af hálfu Magnúsar eða á brostnum forsendum, stoða því ekki, þar sem enginn fyrirvari er gerður í þá átt í ábyrgðarskuldbindingunni. Sama er að segja um þá varnarástæðu stefndu, að ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið málamyndagerningur. Við afhendingu ábyrgðarskuldbindingarinnar til stefnanda glataðist hugsanlegur réttur hinna stefndu til þess að fá ábyrgðarskuldbindinguna fellda úr gildi af þessum sökum. Þegar af þessari ástæðu verður sýknukrafa hinna stefndu ekki tekin til greina. Sú varnarástæða hinna stefndu, að ábyrgðin sé ekki gjaldkræf, verður ekki heldur talin eiga rétt á sér, þar sem hér er um sjálfskuldarábyrgð að ræða og fyllilega upplýst, bæði með athugunum endurskoðenda og með sakamálsrannsókn, að Magnús Thorberg var kominn í stórfellda sjóðþurrð.

Eins og fyrr er getið og ábyrgðaryfirlýsingin ber með sér, er hún ekki sjálfri sér samkvæm, að því er ábyrgðarfjárhæðina snertir. Í upphafinu segir, að undirritaðir, þ. e. a. s. hinir stefndu, taki á sig solidariska ábyrgð á kr. 25.000.00, en í niðurlaginu segir, að þeir taki á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Aðiljar eru mjög ósammála um, hvaða fjárhæð eigi að leggja til grundvallar. Eins og þegar er tekið fram, kvaðst Egill Sandholt póstritari hafa skilið ábyrgðaryfirlýsinguna þannig, að ábyrgðin væri solidarisk og að fjárhæð kr. 25.000.00. Þenna skilning, telur stefnandi, að leggja beri til grundvallar. Magnús Thorberg hefur gefið upplýsingar um þetta atriði fyrst með vottorði og síðan með vitnaskýrslu. Í vottorðinu hélt hann því fram, að ábyrgðin hefði átt að nema kr. 25.000.00 og verið solidarisk og öllum hinum stefndu hafi verið þetta vel ljóst. Lægri upphæðina, kr. 2500.00, kvað hann vera misritun. Í vitnaskýrslu sinni taldi hann hins vegar, að ábyrgðin hefði átt að vera pro rata og hver hinna stefndu skyldi greiða kr. 2500.00, og af þeirri ástæðu væri sú tala tilgreind í

niðurlagi ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Allir hinir stefndu, að tveimur undanskildum, hafa gefið aðiljaskýrslu í málinu og gert grein fyrir, hvernig þeir hafi skilið ábyrgðaryfirlýsinguna, er þeir undirrituðu hana. Hlökkver Johnsen kvað Magnús Thorberg hafa komið með ábyrgðaryfirlýsinguna til sín og beðið sig að undirrita hana. Ekki minntist hann þess, að Magnús hefði minnst á neina ábyrgðarfjárhæð. Kvaðst Hlökkver hafa litið á skjalið og séð, að í niðurlaginu var rætt um solidariska ábyrgð á kr. 2500.00, og hafi hann síðan skrifað undir. Ekki kvaðst hann hafa veitt því athygli, að rætt var um 25 þúsund króna solidariska ábyrgð í upphafi skjalsins. Trausti Jónsson kvaðst hafa lesið ábyrgðaryfirlýsinguna lauslega yfir, áður en hann undirritaði, og hafi hann skilið hana á þá leið, að þeir, sem undirrituðu, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Hann kvaðst hafa tekið eftir, að í ábyrgðaryfirlýsingunni var einnig getið um 25.000.00 króna solidariska ábyrgð, og hafi hann skilið það þannig, að Magnúsi hafi verið lagt fyrir að setja póstsjóði 25.000.00 kr. tryggingu, og væri tilætlunin að fá þá tryggingu með mörgum ábyrgðarskjölum, enda hefði Magnús talað um, að fleiri svona skjöl væru í gangi. Hann kvað Magnús hafa tekið fram, að hann væri að útvega sér ábyrgðarmenn, svo að yfirmenn hans hefðu eitthvað við að styðjast. Gísli Magnússon kvað Magnús hafa beðið sig að skrifa undir, því hann þyrfti að fá ábyrgðarmenn til þess að tryggja sér stöðuna. Kvað hann sig minna, að Magnús hefði talað um 250 króna ábyrgð á mann. Sjálfur kvaðst hann halda, að hann hefði ekki lesið ábyrgðaryfirlýsinguna yfir, áður en hann undirritaði, og eins minnti hann, að Magnús hefði ekki lesið hana upp fyrir honum. Ólafur Á. Kristjánsson kvaðst hafa lesið ábyrgðaryfirlýsinguna yfir, áður en hann undirritaði hana, en hvernig hann skildi hana, kvaðst hann ekki treysta sér til að segja neitt ákveðið um, enda hafi hann ekki búizt við neinum útgjöldum í sambandi við ábyrgðina. Ekki minntist hann þess heldur, að Magnús hefði nefnt nokkra ábyrgðarfjárhæð. Sigurður Jónsson kvaðst hafa lesið skjalið yfir, áður en hann undirritaði. Veitti hann því athygli, að í niðurlaginu stóð, að ábyrgðarmennirnir tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Bjóst hann við, að hann hefði einnig séð, að í upphafi skjalsins var talað um 25.000.00 króna ábyrgð, en kvaðst ekki hafa kynnt sér skjalið vandlega, því hann gerði ráð fyrir, að þetta væri aðeins til málamynda, eins og Magnús sagði honum. Ekki kvað hann Magnús hafa talað um neina ábyrgðarfjárhæð. Hrólfur Ingólfsson kvað Magnús Thorberg ekki hafa haft á orði, hve háa tryggingu hann ætti að setja.

Kvaðst hann hafa lesið skjalið yfir, áður en hann undirritaði það, og skildi það þannig, að þeir, sem skrifuðu undir það, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Hann tók það jafnframt fram, að hann myndi allt að einu hafa undirritað skjalið, þótt hann hefði talið, að ábyrgðin væri kr. 25.000.00, þar sem hann hafi litið á þetta sem greiða við Magnús. Jóhannes Brynjólfsson kvað Magnús hafa tekið fram, að ábyrgðin væri aðeins kr. 2500.00, og kvaðst hann hafa skilið það þannig, að ábyrgðarmennirnir ábyrgðust þá fjárhæð einn fyrir alla og allir fyrir einn. Hann kvað Magnús einnig hafa lesið skjalið upp fyrir honum, og hafi hann skilið það á sömu leið. Tók hann það fram, að hann mundi aldrei hafa skrifað undir skjalið, ef hann hefði talið, að ábyrgðin væri kr. 25.000.00. Jón Í. Sigurðsson kvaðst ekki minnst þess, að Magnús hafi minnst á neina ábyrgðarfjárhæð, er hann bað hann að undirrita skjalið. Kvaðst hann hafa lesið það yfir og skilið það þannig, að ábyrgðin væri aðeins kr. 250.00 á mann.

Um leið og mál þetta var höfðað, var einnig höfðað mál gegn þeim, er rituðu undir hina ábyrgðaryfirlýsinguna. Allir ábyrgðarmennirnir gáfu aðiljaskýrslu í því máli, og hefur útskrift af aðiljaskýrslunni verið lögð fram í þessu máli. Þrír ábyrgðarmannanna kváðust hafa skilið ábyrgðaryfirlýsinguna á þá leið, að hver ábyrgðarmaður tæki á sig sjálfskuldarábyrgð á kr. 2500.00, en heildarábyrgðarfjárhæðin væri kr. 25000.00. Var þetta einnig byggt á umsögn Magnúsar, er hann fékk undirskrift þeirra. Tveir ábyrgðarmannanna kváðust ekki geta gert sér grein fyrir, hvaða ábyrgðarfjárhæð þeir töldu að leggja bæri til grundvallar, er þeir undirrituðu skjalið. Fimm ábyrgðarmannanna kváðust hafa litið svo á, er undirskriftir fóru fram, að ábyrgðarfjárhæðin væri aðeins kr. 2500.00, og sumir þeirra, að ábyrgðin væri einstakleg eða kr. 250.00 á mann.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, virðist mega ráða, að ábyrgð hinna stefndu hafi verið veitt í því skyni að tryggja Magnúsi Thorberg stöðu hans við póstafgreiðsluna. Mátti hinum stefndu vera ljóst, að ábyrgð á kr. 2500.00 eða kr. 250.00 á mann, eins og sumir telja, mundi koma að litlu haldi sem trygging fyrir fjárhaldi, er veltur á mörgum milljónum á hverju ári. Þykir því bera að líta svo á, að ábyrgðarfjárhæðin hafi átt að nema kr. 25.000.00, enda er ekki sjáanlegt, að stefndu hafi hreyft mótmælum gegn upphæðinni fyrr en í máli þessu. Samkvæmt framburði Magnúsar Thorbergs og sumra ábyrgðarmannanna var tilætlunin, að ábyrgðin væri einstakleg, en ekki solidarisk, og virðist sennilegt, að ósamræmið í ábyrgðaryfirlýsingunni,

að því er fjárhæðina varðar, eigi til þess rót sína að rekja. Og þar sem ekki verður litið svo á, að ábyrgðaryfirlýsingin, eins og frá henni var gengið, hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla, að hann fengi solidariska ábyrgð fyrir hærri fjárhæðinni, sem tilgreind er í skjalinu, þykir rétt að ganga út frá því, að ábyrgðin hafi verið einstakleg eða að hluta (pro rata). Niðurstaða málsins verður því sú, að hver hinna stefndu verður dæmdur til að greiða kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Hlökkver Johnsen, Trausti Jónsson, Gísli Magnússon, Sigurður Gunnsteinsson, Guðlaugur Gíslason, Hrólfur Ingólfsson, Ólafur Á. Kristjánsson, Jóhannes Brynjólfsson, Sigurður Jónsson og Jón Í. Sigurðsson, greiði stefnandanum, Guðmundi Hlíðdal f. h. Póst- og símamálastjórnarinnar, hver í sínu lagi kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. júní 1956.

Nr. 88/1956. **Árni Guðmundsson** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kjörskrármál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með